

Innra mat Foldaskóla Samantekt

Fyrir skólaárið 2025 - 2026



Efnisyfirlit

- Kafli 1 Innra mat skólans	3
- Kafli 2 Langtímaáætlun	4
- Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið	7
- Kafli 4 Greinargerð um innra mat	8
- Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf	9
- Kafli 4.2 Gæði kennslu	11
- Kafli 4.3 Námsárangur nemenda	12
- Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda	13
- Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks	14
- Kafli 4.6 Viðhorf foreldra	15
- Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans	16
- Kafli 5 Umbótaáætlun	17

Samantekt

Foldaskóli, 26.06.2026

Kafli 1 Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir innra mati Foldaskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin og hvernig matið fer fram. Jafnframt eru helstu niðurstöður kynntar með áherslu á þá þætti sem koma best út og þá sem þarfnast umbóta. Unnið er áfram með umbótaþættina í umbótaáætlun skólans.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar og áherslum skólans. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en stjórnendur leiða matið, halda utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýna í niðurstöður og setja fram umbótaáætlun.

Foldaskóli notar vefkerfi BRAVOLesson til að halda utan um innra matið.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið um skólustarf

Þættir í gæðaviðmiðum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu eru metnir á matsfundum með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram tvisvar til þrisvar sinnum á ári og er stýrt af stjórnendum. Heildarmat byggir að lokum á niðurstöðum matsfunda með kennurum og mati stjórnenda.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar eða gæðaviðmið í þeim eru einungis metnir af stjórnendum skólans þar sem þeir þættir falla ekki undir starfsvettvang kennara/stafsmanna.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats skólans eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf í 1. -10. bekk, sem eru greind og metin út frá útgæfnum viðmiðum prófanna og matsferil. Orðarún er lagt fyrir nemendur

Viðhorf og líðan

Viðhorfsgættir Skólapólansins eru lagðar fyrir nemendur í 6.-10. bekk Foldaskóla. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum á matsfundum með kennurum/starfsfólki. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Skólaárið 2025-2026 var áhersla á gæði kennslu, skipulag náms og tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Kennarar og stjórnendur unnu að því að styrkja gæði náms og kennslu m.a. með sérstökum gátlista um gæði kennslustunda sem hægt er að nýta við skipulagningu og mat á eigin kennslu, janfingjamati og eða vettvangsferða stjórnenda og þróunarteymi í kennslustundir.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum á matsfundum með kennurum/starfsfólki. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Skólaárið 2025-2026 var áhersla á gæði kennslu, skipulag náms og tengslu við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Kennarar og stjórnendur unnu að því að styrkja gæði náms og kennslu m.a. með sérstökum gátlista um gæði kennslustunda sem hægt er að nýta við skipulagningu og mat á eigin kennslu, janfingjamati og eða vettvangsferða stjórnenda og þróunarteymi í kennslustundir.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
1.1 Samvikni í stefnumótun				X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða					X
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X	X			
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X		
1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks				X	

Nám og kennsla	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
2.1 Inntak og námskrá					X
2.2 Árangur náms					X
2.3 Gæði kennslu	X	X			
2.4 Skipulag náms		X			
2.5 Námsvitund			X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka					X

Innra mat	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
3.1 Skipulag			X		
3.2 Framkvæmd				X	
3.3 Umbætur					X

Námsárangur nemenda	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Lesfimi	X	X	X	X	X
Orðarún	X	X	X	X	X
Matsferill	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólapúlsinn - Nemendakönnun	X	X	X	X	X
Stofnun ársins	X	X	X	X	X
Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar	X		X		X
Æskulýðsrannsóknin	X	X	X	X	X
Skólapúlsinn - Foreldrakönnun	X		X		X

Menntastefna og stefna skólans	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Læsi					X
Heilbrigði og vellíðan		X			
Sköpun og nýsköpun			X		
Gagnrýnin hugsun				X	
Félagsfærni og samskipti	X				

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið

Skipulag matsins fyrir yfirstandandi skólaár

Viðfangsefni	Kafli - Þáttur	Markmið	Gagnaöflun - Hvernig metið	Hvenær metið	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	2.3 Gæði kennslu	Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn.	Innlit í kennslustundir og mat á gæðaviðmiðum.	Janúar - febrúar	Stjórnendur	Kennsla er vel skipulögð, fagleg og fjölbreytt og styður við framfarir og ólíkar þarfir nemenda.
Viðhorf og líðan	Skólapúlsinn - Nemendakönnun	Að tryggja góða líðan, öryggi og jákvæð viðhorf nemenda til skólstarfs.	Skólapúlsinn	Allt skólaárið	Skrifstofustjóri	
Viðhorf og líðan	Starfsmannakönnun	Að stuðla að góðri líðan starfsfólks og jákvæðu starfsumhverfi.	Gallup könnun, starfsmannasamtöl, fundir.	Árlega	Stjórnendur	Starfsánægja - þróun jákvæð milli ára.
Námsárangur nemenda	Matsferill – Lesfimi og próf	Að bæta námsárangur og tryggja framfarir allra nemenda.	Lesfimi, stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði.	Reglulega yfir skólaárið	Kennarar	Nemendur sýna framfarir í samræmi við viðmið og sem flestir ná hæfniviðmiðum.
Grænfánaskóli	Umhverfismennt	Að efla umhverfisvitund og sjálfbæra hegðun nemenda.	Verkefnavinna, sjálfsmat, skráningar og þátttaka í verkefnum.	Allt árið	Verkefnastjóri	Nemendur taka virkan þátt í umhverfisverkefnum og sýna ábyrgð í umgengni og neyslu.

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats Foldaskóla á skólastarfinu. Matið byggir á fjölbreyttum gögnum sem safnað var á skólaárinu, meðal annars með innliti í kennslustundir, matsfundum kennara og stjórnenda, viðhorfskönnunum meðal nemenda og starfsfólks, sem og greiningu á námsárangri nemenda.

Lagt var mat á gæðaviðmið um skólastarf, gæði kennslu, námsárangur nemenda og viðhorf og líðan helstu hagsmunaaðila. Markmið matsins er að draga fram styrkleika í starfi skólans og greina tækifæri til umbóta með það að leiðarljósi að styðja við áframhaldandi þróun og eflingu skólastarfsins.


Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Eftirfarandi kaflar í gæðaviðmiðum grunnskóla voru í Foldaskóla 2025-2026.

Stjórnun og fagleg forysta


- 1.1 Samvirkni í stefnumótun
- 1.2 Faglegt samstarf og samræða
- 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu



Nám og kennsla

- 2.2 Árangur náms
- 2.3 Gæði kennslu
- 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fengu einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Gert er grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta í niðurstöðum hér fyrir neðan.



Niðurstöður

Styrkleikar

Eftirfarandi vísbendingar fengu matið mjög gott og flokkast því undir styrkleika skólans

1.2 Faglegt samstarf og samræða

- 6. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- 7. Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður innra og ytra gæðamats séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans og stöðu nemenda.
- 11. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

- 1. Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
- 8. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.
- 9. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
- 12. Skólaráð fundar reglulega og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.
- 13. Markvisst samstarf er um frístundastarf og/eða starfsemi félagsmiðstöðvar.
- 15. Skólinn heldur fræðslufund að hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnnum og ráðum skólans. (t.d. nemendaráð/félag, stjórn foreldrafélags og skólanefnd ef við á.)

2.3 Gæði kennslu

- 3. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum.
- 5. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.
- 8. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- 9. Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi vísbindingar fengu matið ábótavant og flokkast því undir tækifæri til umbóta

1.1 Samvirkni í stefnumótun

- 1. Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár.
- 2. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- 6. Stefna aðalnámskrár er sýnileg í stefnu og störfum skólans, (þar með talið grunnþættir menntunar).

2.2 Árangur náms

- 1. Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.
- 4. Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.

2.3 Gæði kennslu

- 1. Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum.
- 6. Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- 10. Í kennsluáætlunum kennara sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda.
- 11. Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
- 12. Fjölgtyngdir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.
- 14. Í námsumhverfi nemenda eru sjónrænar stöðir nýttar til stuðnings við nám, t.d. námsveggir, myndrænt dagskipulag, tölur, stafir, leiðbeiningar.


2.6 Ábyrgð og þátttaka

- 1. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og umburðarlyndi.
- 3. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.
- 4. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð.
- 7. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
- 9. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- 12. Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun. Rýnihópur kennara.
- 13. Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Kafli 4.2 Gæði kennslu

Hvaða aðferðir voru nýttar til að meta gæði kennslu

Innlit í kennslustundir.



Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður innlita í kennslustundir sýna að margir þættir kennslunnar eru sterkir. Kennarar voru nær undantekningarlaust stundvísir og mættir áður en kennsla hófst. Kennslan var almennt vel undirbúin og skipulögð og í flestum tilvikum var skipulag kennslustofunnar skýrt þannig að nemendur vissu hvar þeir áttu að sitja.

Jafnframt kom fram að kennarar vöktu áhuga nemenda á viðfangsefnum sínum og að markmið náms voru yfirleitt skýr fyrir nemendum. Fjölbreyttir kennsluhættir sáust í kennslustundum og í mörgum tilvikum var lögð áhersla á samvinnu og virkni nemenda.

Tækifæri til umbóta

Niðurstöðurnar benda til þess að tækifæri séu til frekari þróunar á ákveðnum þáttum kennslunnar. Þar má sérstaklega nefna aukna notkun námsvegga til að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi. Einnig er tækifæri til að gera árangursviðmið og markmið náms sýnilegri í kennslurýmum og tryggja að þau séu markvisst nýtt í kennslu.

Að auki má efla enn frekar samvinnu nemenda í námi og auka notkun fyrirmyndarverkefna sem styðja við skilning nemenda á væntingum og gæðum verkefnavinnu. Þessir þættir verða hafðir til hliðsjónar í áframhaldandi þróunar- og umbótastarfi skólans.

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

•

Við mat á námsárangri nemenda voru nýtt fjölbreytt matstæki sem veita upplýsingar um stöðu nemenda og framfarir í námi. Meðal þeirra voru *lesfímipróf og Orðarún, sem metur lesskilning og lestrarfærni nemenda. Einnig voru lögð fyrir lesskilningspróf, kannanir og önnur próf eftir því sem við átti.* Auk þess voru munnleg verkefni nýtt til að meta skilning, tjáningu og hæfni nemenda til að miðla þekkingu sinni.

Niðurstöður þessara matsþátta voru greindar og nýttar til að fylgjast með námsframvindu nemenda, meta árangur kennslu og styðja við markvissar umbætur í námi og kennslu.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður námsmats sýna að skólinn nýtir fjölbreytt matstæki til að fylgjast með námsframvindu og árangri nemenda. Lesfímipróf, Orðarún, lesskilningspróf, kannanir og munnleg verkefni veita heildstæða mynd af stöðu nemenda og gera kennurum kleift að bregðast við ólíkum námsþörfum. Jafnframt eru niðurstöður greindar markvissst og nýttar við skipulag kennslu og stuðning við nemendur. Fjölbreytni í námsmati stuðlar að því að nemendur fá tækifæri til að sýna þekkingu sína og hæfni með ólíkum hætti.


Tækifæri til umbóta

Tækifæri eru til að efla enn frekar markvissa nýtingu námsmatsgagna við skipulag kennslu og einstaklingsmiðaðan stuðning. Einnig má auka þátttöku nemenda í eigin námsmati með aukinni áherslu á sjálfsmat, jafningjamat og markmiðasetningu. Þá er mikilvægt að halda áfram að þróa leiðir til að fylgjast með framförum allra nemenda, sérstaklega þeirra sem þurfa frekari áskoranir eða aukinn stuðning, þannig að námsmat nýtist sem best til að efla námsárangur og vellíðan nemenda.

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Skólapúlsinn - niðurstöður 6.-10. bekkur



Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að virkni nemenda mælist á viðmiði (83%), sem bendir til þess að nemendur séu almennt virkir þátttakendur í námi sínu og skólastarfi. Einnig mælist líðan og heilsa nemenda á viðmiði (57%), sem gefur til kynna að stór hluti nemenda upplifi almenna vellíðan og öryggi í skólanum. Þessir þættir teljast því til styrkleika skólans og mynda mikilvægan grunn fyrir árangursríkt nám og jákvæða skólamenningu.

Tækifæri til umbóta

Skóla- og bekkjarandi mælist undir viðmiði (60%) og bendir það til þess að tækifæri séu til að efla enn frekar jákvæð samskipti, samkennd og félagslega þátttöku nemenda. Mikilvægt er að halda áfram að vinna markvisst að því að styrkja bekkjaranda, auka samvinnu nemenda og efla tilfinningu þeirra fyrir að tilheyra skólasamfélaginu. Niðurstöðurnar verða nýttar við skipulag umbótaverkefna á komandi skólaári.

Kaflí 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar - Stofnun ársins



Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður könnunarinnar sýna að starfsfólk er mjög ánægt með stjórnun, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt af vinnustaðnum og jafnrétti, en allir þessir þættir mældust í hæsta matsflokki (4–5). Niðurstöðurnar benda til þess að starfsfólk upplifi traust, stuðning og gott starfsumhverfi þar sem jafnrétti og fagmennska eru höfð að leiðarljósi.

Jafnframt mældust starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði og ímynd skólans jákvætt og voru allir þessir þættir metnir í flokknum 3–3,9, sem gefur til kynna almenna ánægju starfsfólks með þessa þætti.

Tækifæri til umbóta

Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður gefur könnunin tilefni til að halda áfram að efla starfsanda, vinnuskilyrði og ímynd skólans. Einnig er mikilvægt að viðhalda þeim styrkleikum sem fram komu í könnuninni, svo sem góðri stjórnun, sveigjanleika í starfi og jákvæðri starfsánægju. Með áframhaldandi samtali og markvissu umbótastarfi er hægt að styrkja enn frekar starfsumhverfi og vellíðan starfsfólks.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Ekki metið á þessu skólaári.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Á skólaárinu var metið hvernig starf Foldaskóla samræmist menntastefnu Reykjavíkurborgar og stefnumörkun skólans. Skoðað var meðal annars hvernig unnið er að vellíðan og þátttöku nemenda, námsárangri, skóla án aðgreiningar, læsi, upplýsingatækni, lýðræði og samstarfi við foreldra. Einnig var metið hvernig markmið stefnunnar birtast í daglegu skólastarfi, kennsluháttum og samskiptum innan skólasamfélagsins.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður matsins benda til þess að skólinn vinni markvisst að innleiðingu menntastefnunnar. Sérstaklega komu fram styrkleikar í samstarfi starfsfólks, tengslum við foreldra, lýðræðislegum vinnubrögðum og áherslu á vellíðan og þátttöku nemenda. Einnig sýna niðurstöður að unnið er með markvissum hætti að gæðum kennslu og þróun náms og kennsluhátta.

Tækifæri til umbóta

Matið bendir jafnframt til þess að áfram megi styrkja ákveðna þætti skólastarfsins. Sérstaklega þarf að huga að því að efla skóla- og bekkjaranda, auka sýnileika markmiða og árangursviðmiða í námi og styðja enn frekar við sjálfstæði nemenda í námi. Þá er mikilvægt að halda áfram að þróa kennsluhætti og samstarf innan skólasamfélagsins til að tryggja áframhaldandi framfarir í samræmi við menntastefnu og stefnumörkun skólans.

Kafli 5 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Mat á árangri
Skóla- og bekkjarandi	Efla jákvæð samskipti, samkennd og tilfinningu nemenda fyrir að tilheyra skólasamfélaginu.	Unnið markvisst með bekkjarfundi, samskiptafærni, samvinnuverkefni og félagslega þátttöku nemenda. Aukin áhersla á forvarnir og jákvæða skólamenningu.	Stjórnendur, umsjónarkennarar og nemendapjónusta	Allt skólaárið	Skólapúlsinn, viðhorfskannanir og mat kennara
Sýnileg markmið og árangursviðmið	Nemendur þekki markmið náms síns og viti hvað þarf til að ná árangri.	Markmið og árangursviðmið gerð sýnileg í öllum námsgreinum og kennslustofum. Kennarar vinni markvisst með þau í upphafi og lok verkefna.	Kennarar og stjórnendur	Haut 2026 og áfram	Innlit í kennslustundir og sjálfsmat kennara
Sjálfstæði og ábyrgð nemenda	Efla sjálfstæði nemenda og þátttöku í eigin námi.	Aukin notkun námsvegga, sjálfsmats, jafningjamats og markmiðasetningar nemenda.	Kennarar	Allt skólaárið	Innlit í kennslustundir og viðhorf nemenda
Samvinna og virk þátttaka nemenda	Auka tækifæri nemenda til samvinnu og virkrar þátttöku í námi.	Fjölga samvinnuverkefnum og verkefnum sem byggja á umræðum, lausnaleit og samvinnu.	Kennarar	Allt skólaárið	Innlit í kennslustundir og mat nemenda
Viðhald styrkleika	Viðhalda góðum árangri í stjórnun, samstarfi starfsfólks og tengslum við foreldra.	Halda áfram reglulegum fagfundum, upplýsingagjöf til foreldra og virku samstarfi innan skólasamfélagsins.	Stjórnendur og starfsfólk	Allt skólaárið	Innra mat og starfsmannakannanir